

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram til úrskurðar.

84

15. júní

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefir samþykkt og undirrituð er að minnsta kosti af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir hin gamla áfram. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Tekjum félagsins skal skipt eins fljótt og unnt er, þá er þær hafa borgazt inn.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari verða sektum frá 100—500 kr., og veiði eða andvirði hennar, svo og veiðitæki skulu gerð upptæk og verða eign félagssjóðs.

14. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár í Miklaholtshreppi, samþykkt á stofnfundi félagsins að Fáskrúðarbakka 25. apríl 1938.

85

15. júní

Öllum tekjum og gjöldum félagsins skal skipta á milli jarða þeirra, sem félagssvæðið tekur yfir, í eftirtöldum hundraðshlutföllum:

Dalur	16 %
Hrísdalur	16 —
Hofstaðir	9 —
Straumfjarðartunga	9 —
Borgarholt	16 —
Fáskrúðarbakki	16 —
Stakkhamar	9 —
Laxárbakki	9 —

Alls 100 %

- 85 Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungs-
15. júní veiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

- 86
5. júní

AUGLÝSING

um húsaleigu utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 7. gr. laga frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, er óheimilt á tímabilinu til 14. maí 1940, að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi og eins þó að samið hafi verið um hækkan leigunnar vegna gengisbreytingar. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnaði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Után Reykjavíkur skulu fasteignamatsnefndir hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar lagagreinar sé fylgt og úskurða allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir hlutaðeigandi fasteignamatsnefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að téð lög öðluðust gildi. Fasteignamatsnefndir skulu gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga að þeirra dómi og hafa þær vald til þess að ákveða upphæð leigunnar ef þörf gerist. Ennfremur skulu fasteignamatsnefndir meta leigu fyrir ný hús.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum samkvæmt framangreindum lögum.

Þetta tilkynnist hér með öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vígfús Einarsson.

- 87
13. júní

AUGLÝSING

um veitingaskatt af vörum, sem seldar eru í brauðbúðum og mjólkurbúðum.

Úrskurðar ráðuneytisins hefir verið beiðzt um eftirfarandi atriði:

1. Hvort greiða beri veitingaskatt af brauði og kökum, sem neytt er í brauð- og mjólkurbúðum, þar sem eru nokkur borð og stólar til afnota fyrir þá, sem neyta þessara vara þar.
2. Hvort greiða beri veitingaskatt af hvítöli, sem er eigin framleiðsla og selt er 15 aurum dýrara flaskan ef þess er neytt inni í brauð- og mjólkurbúðum, heldur en ef farið er með það út.
3. Hvort greiða beri veitingaskatt af mjólk í glösum, sem seld er með svipaðri álagningu og ölið.